

197 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 10. júní kl.10.00 á skrifstofu SSV að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi,

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Pétur Davíðsson, Guðveig Eyglóardóttir, Sigurður Guðmundsson, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Garðar Svansson mætti í forföllum Jóseps Kjartanssonar. Ingibjörg Þ. Steinudóttir og Jakob B. Jakobsson sátu fundinn á Temas. Andrea Arnardóttir mætti í forföllum Elínar Ósk Gunnarsdóttur og sat fundinn á Teams. Þá sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð. Pálmi Sævarsson var gestur fundarins undir lið 11 og Líf Lárusdóttir undir lið 12.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.10.05

Dagskrá

1. Fundargerð frá 196 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 196 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Aukaaðalfundur SSV 2026

Framlögð dagskrá fyrir aukaaðalfund SSV sem fer fram á Hótel Hamri í Borgarnesi miðvikudaginn 1. Júlí, en á fundinum verður kosin ný stjórn fyrir SSV. Stjórn samþykkti dagskrá fundarins. Auk þess samþykkti stjórn að undir liðnum önnur mál verði lögð fram tillaga um breytingar á 6. og 8. gr. laga SSV. Loks samþykkti stjórn að skipa þau; Kristinn Jónasson, Sonju Lind Eyglóardóttur og Líf Lárusdóttur í kjörstjórn.

3. Haustþing SSV

Lagt fram minnisblað um Haustþing SSV 2026 sem fer fram á Hótel Varmalandi dagana 14. og 15. október 2026. Stjórn samþykkt drög að dagskrá og fól framkvæmdastjóra að fullvinna dagskrána.

4. Öndvegisstyrkir Sóknaráætlunar Vesturlands 2026

Lagt fram minnisblað um úthlutun Öndvegisstyrkja Sóknaráætlunar Vesturlands. Þar kom fram að fjöldi umsókna fór langt fram úr væntingum, en alls bárust 56 umsóknir um þær 45 m.kr. sem eru til úthlutunar. Úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Vesturlands og fagráð munu hald utan um úthlutun og stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í júní.

5. Kynning á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands 2026

Lagt fram minnisblað um áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2026. Fram kom að búið er að setja öll verkefni í gang og vinna við þau komin vel á veg.

6. Starfsmannamál SSV

Lagt fram minnisblað vegna starfsmannaferðar SSV í október 2025. Stjórn samþykkti að SSV muni taka þátt í ferðakostnaði starfsmanna.

Þá kynnti framkvæmdastjóri að Hrefna B. Jónsdóttir muni láta af störfum sem framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands og Hrafnhildur Trygvadóttir tekur við framkvæmdastjórn. Hrafnhildur mun sinna framkvæmdastjórn fyrir sorpurðun í 50% stöðugildi og sem atvinnuráðgjafi SSV í 50% stöðugildi.

7. Börn með fjölþættan vanda

Rætt um bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá fundi 27.05 2026 um tillögu Mennta- og barnamálaráðuneytis að reglugerð um þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Í kjölfar umræðu samþykkti stjórn eftirfarandi bókun:

„Stjórn SSV tekur undir bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 999 fundi þar sem fjallað var um drög að reglugerð um málsmeðferð vegna vistunar barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins. Stjórn SSV tekur undir þá kröfu að texti reglugerðarinnar verði endurskoðaður með það fyrir augum að hún uppfylli ákvæði samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025.“

Jakob B. Jakobsson kom inn á fundinn undir þessu lið.

8. Sameining lögregluembætta

Rætt um hugmyndir dómsmálaráðherra sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum um sameiningu lögregluembætta, en allt frá 2015 hefur Vesturland allt verið eitt embætti. Í kjölfar umræðu samþykkti stjórn að fela framkvæmdastjóra að kalla eftir upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu um fyrirhugaða sameiningu embætta.

9. Farsældarráð Norðurlands vestra – staða

Lagt fram minnisblað frá Báru Daðadóttur farsældarfulltrúa SSV um stöðu verkefna Farsældarráðs Vesturlands. Jafnframt var rætt um framhald þessa verkefnis og hvetur stjórn SSV mennta- og barnamálaráðuneytið til þess að veita áfram fjármagni til vinnu við innleiðingu farsældar barna á Vesturlandi.

10. Gott að eldast

Á fundinn mætti Líf Lárusdóttir verkefnisstjóri Gott að eldast á Vesturlandi og kynnti drög að stöðuskýrslu fyrir verkefnið. Í kynningu Lífar kom fram að Móma-teymi (móttöku og matsteymi) hafa ýmist nú þegar tekið til starfa á Vesturlandi eða eru í startholunum. Mikilvægt er að vinna áfram að samþættingu öldrunarþjónustu og að styðja við fjölgun dagdvalarrýma á hjúkrunarheimilum á Vesturlandi. Stefnt er að kynningu á stöðuskýrslunni fyrir sveitarstjórnnum á Vesturlandi og þingmönnum Nv.-kjördæmis.

11. Viðhald og nýframkvæmdir vega á Vesturlandi

Á fundinn mætti Pálmi Þór Sævarsson svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Vesturlandi og fór yfir framkvæmdir við vegi á Vesturlandi árinu og fyrirhugaðar framkvæmdir á næstu

árum. Fram kom í kynningu Pálma að gríðarleg þörf sé fyrir aukið viðhald vega á Vesturlandi og því jákvætt að meira fjármagn hefur verið veitt á þessu ári og ætti að verða áfram á næstum árum samkvæmt tillögu að samgönguáætlun til viðhalds vega. Þá var rætt um fjárveitingar til nýframkvæmda við stofnvegi á Vesturlandi sem hins vegar er afar lágar, en auk þess stefnir í að fjárveitingar til tengivega lækki á næstu árum.

12. Féttir af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Einar Brandsson stjórnarmaður hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu verkefni á vegum Sambandsins þessa dagana. Fram kom hjá Einar að unnið er að fullum krafti við undirbúning fyrir Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fer fram á Akureyri dagana 23. til 25. september n.k. Þá nefndi hann að umræða hefði farið fram um uppbyggingu á fráveitukerfi sveitarfélaga, en ljóst er að kostnaður sveitarfélaga við endurbætur á fráveitukerfum þeirra til að þau standist reglugerðir mun hlaupa á milljörðum.

13. Framlögð mál

Fundargerð frá 999 fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundi slitið kl.12.35